

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna viðauka við stjórnsýslukæru um íbúakosningar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps (mál nr. IRN25090129)

Vísað er til viðauka Péturs Davíðssonar, hreppsnefndarmanns í Skorradalshreppi, dags. 27. september sl. og fyrri samskipta af því tilefni. Með tölvupósti, dags. 21. október sl., var sveitarfélögunum Skorradalshreppi og Borgarbyggð (hér eftir „sveitarfélögunum“) sendur viðauki kæranda við fyrri kæru ásamt fylgigögnum (hér eftir „viðaukakæran“). Var sveitarfélögunum veittur frestur til 25. október n.k. til að gera grein fyrir athugasemdum vegna viðaukakærunnar og fylgigagna, ef einhverjar eru. Hér á eftir fara sameiginlegar athugasemdir sveitarfélaganna vegna viðaukakærunnar.

1. Kæruheimild og kærufrestur

Sveitarfélögin áréttu það mat sitt að viðaukakæran feli í sér brot gegn ákvæðum 8. mgr. 133. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir „svsl.“) sem kveður á um að kærur um ólögmæti íbúakosninga skuli sendar innviðaráðuneyti til úrlausnar innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Kærandi fari augljóslega á svig við skýr lagaákvæði um fresti með því að senda viðbótarmálsástæður í eftirfarandi bréfasendingum eftir lok frests.

Úrslitum íbúakosninganna var lýst með óyggjandi og hefðbundnum hætti á vefsvæðum sveitarfélaganna og á upplýsingavef samstarfsnefndar sama dag og kosningum lauk, þ.e. 20. september sl. Engin ákvæði eru um það í sveitarstjórnarlögum eða reglugerð að skýrsla sameiginlegrar kjörstjórnar til sveitarstjórna sé undanfari eða forsenda þess að kosningum sé lýst. Mögulegar villur í skýrslu kjörstjórnar eða hugsanlegir formgallar á afgreiðslu hennar hafa því engin áhrif á upphaf kærufrests.

Það skal ítrekað að að mati sveitarfélaganna ætti ekki að vera neinum vafa undirorpið að kjörstjórn hefur uppfyllt þá skyldu sína að birta niðurstöður kosninga með opinberum hætti, enda áskilur reglugerð um íbúakosningar ekki tiltekið form hvað þetta snertir. Er því ljóst að kærufrestur samkvæmt 8. mgr. 133. gr. svsl. byrjaði að líða hinn 20. september sl.

2. Aðgangur að gögnum

Í viðbótarkæru sinni ítrekar kærandi að hann telji að dráttur hafi orðið á afhendingu gagna og að ekki hafi öll umbeðin gögn borist honum. Í því samhengi skal ítrekað að sveitarfélögin telja að kærandi hafi fengið öll þau gögn sem hann á rétt á á þeim forsendum sem hann vísar til, eins og þegar hefur verið lýst í athugasemdum við upphaflega kæru.

3. Lokaorð

Sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps mælast til þess að kærum Péturs Davíðssonar verði vísað frá á þeim grundvelli að kæruheimildir skorti og að viðbót við kærana sé of seint fram komin. Verði kærana eða einstök atriði hennar tekin til efnislegrar meðferðar telja sveitarstjórnirnar að ráðuneytinu beri, með hliðsjón af framansögðu og fyrri athugasemdum, að staðfesta að kosningarnar

hafi farið löglega fram og endurspegli vilja íbúanna með óyggjandi hætti. Að öðru leyti árétta sveitarstjórnir fyrri sjónarmið sem fram komu í svarbréfi sveitarstjórna dags. 10. október sl. Sé frekari upplýsinga eða skýringa óskað verða þær fúslega veittar.

Skorradalshreppi og Borgarbyggð, þann 23. október 2025

Virðingarfyllst,

f.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar

f.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps